



Ræða forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
heimsmóts íslenska hestsins
í Þýskalandi
6. ágúst 1999

Heiðruðu mótsgestir

Íslenski hesturinn hefur löngum – reyndar allt frá landnámi – verið í senn gæðingur og þarfur þjónn íbúa hinnar harðbýlu eyjar í útnorðri. Hann hefur fylgt okkur – áum okkar og ættmennum – hvert á land sem við fórum, yfir fjöll og fallvötn, grasbala og harða mela.

Nú hefur sambúð hests og þjóðar fengið aðra mynd. Nú eru það við sem fylgjum hestinum yfir reginhaf og meginlönd, höldum til hátíðar sem frændur og vinir í Evrópu halda til að heiðra íslenska hestinn, kjörgríp meðal hesta þótt farið sé um víða veröld, einstakan að gæðum og getu.

Á tungu feðra minna og mæðra, á máli Göthers og Schüller kaus ég að ávarpa ykkur kæru þátttakendur og heiðruðu gestir því lítt væri við hæfi að hefja heimsmót íslenska hestsins án þess að gæðingarnir sem hér eru saman komnir frá norðlenskum heiðum Íslands, sunnlenskum völlum og fjörðum eystra og vestra fengju að heyra hið göfuga og hljómfagra mál sem ungir sveinar og glaðar meyjar hafa hvíslað í eyru íslenska hestsins allt frá því víkingar fluttu þennan gæðastofn yfir hafið.

Íslenski hesturinn hefur ætíð verið höfðingjagripur og kunnað sig vel og því var og rétt að heilsa mótsgestum á móðurmáli okkar frábæru gestgjafa sem hér í Þýskalandi hafa efnt til glæsilegs heimsmóts, boðið til hátíðar þar sem unnendur íslenska hestsins víða að úr Evrópu, frændur og vinir koma

saman og hylla kjörgríp meðal hesta heimsins, einstakan að gæðum og hæfni.

Það er mér í senn heiður og ánægja að koma á þetta metnaðarfulla heimsmót og sýna þannig þakkarhug íslenskrar þjóðar til hestsins sem allt frá landnámi hefur verið okkur í senn gæðingur og þarfur þjónn og einnig til að þakka ykkur sem skapað hafa íslenska hestinum ný heimkynni á erlendum grundum, þakka ykkur sem dáið hann og elskið og sýnið með ræktarsemi ykkar og alúð að þið teljið íslenska hestinn vera sannarlega gersemi, einstakan dýrgrip frá hinni harðbýlu en ægifögru eyju í norðri.

Íslenski hesturinn hefur verið tryggur förunautur þjóðar minnar í þúsund ár, fyrrum ómissandi bændum og ferðalöngum í erfiðu landi en nú vinsæl dægrastytting jafnt innanlands og utan. Vakrir gæðingar, fjölhæfir og þrautseigir, hafa um aldir kveikt stökur hagyrðinga, veitt skáldum innblástur í sígild ljóð og myndlistarmönnum í fögur verk, og svo er enn.

Íslenski hesturinn er samofinn náttúru landsins. Við varðveitum öll minningar um litfagurt stóð sem rennur um grasbala við jökulfljót, sjáum í fjarska ferðalang á fjöllum með tvo í taumi, lestargang á einstigi við klettabrún og hvítar öldur þar fyrir neðan. Íslenski hesturinn hefur svo sannarlega verið náðargjöf í ævintýrinu um eyþjóðina í útnorðri.

Íslenski hesturinn er ekki aðeins kjörinn sálufélagi hinna fullorðnu sem endurnærast að loknu erfiðu dagsverki með góðum reiðtúr um fagarar grundir. Hann er einnig einhver besti uppalandi æskunnar sem völ er á, tryggur vinur barna og unglunga á tímum freistinga og lífshátta sem svo sannarlega geta eyðilagt líf og heilsu, verndari sem færir ungu fólki heilbrigða ánægju sem er kjörið veganesti fyrir ævina alla.

Enn er lifandi í huga í mér minningin um reiðtúrinn sem ég fór ungur með föður mínum, 13 ára að aldri þegar við í rúma viku tveir einir á hestum héldum um dali og heiðar Borgarfjarðar, í raun manndómsvígsla mín í skauti íslenskrar náttúru þegar hestamaðurinn faðir minn færði syni sínum lærdóma aldanna og allra fyrri kynslóða um gæði og eiginleika íslenska hestsins. Faðir minn hafði um langa hríð verið á Vestfjörðum meðal þeirra sóknjörfu hestamanna sem hiklaust héldu um fjöll og firmindi, ófærur og vegatálma líkt og þrautseigir bændur og sjómenn höfðu gert um aldir. Og á ferðinni góðu um Borgarfjörð fékk ég að nema brot af þeirri reynslu.

Þannig er íslenski hesturinn förunautur okkar, ættmenna okkar, vina og félaga, ríkur þátttakandi í gleðistundum sem hafa gefið lífi okkar gildi.

Þið sem hér eruð samankomin hafið tekið ástfóstri við þennan bjargvætt íslenskrar þjóðar og það snertir hjörtu okkar Íslendinga djúpt að sjá hve virðing ykkar og væntumþykja í garð íslenska hestsins er sannarlega mikil. Íslenski hesturinn á nú fjölmenna sveit aðdáenda víða um veröld og glæsileg alþjóðleg mót honum til heiðurs eru komin í hóp þeirra hátíða sem við Íslendingar metum mest.

Við erum hér að hefja metnaðarfullt heimsmót og horfum einnig fram til aldamóta ársins 2000 þegar í Reykjavík höfuðborg Íslands verður haldið glæsilegt landsmót helgað sambúð manns og hests í tignarlegu og fjölbreyttu umhverfi Reykjavíkur. Þar munu þúsundir hesta tölta, brokka og skeiða um fagrar reiðleiðir höfuðborgarinnar og er stefnt að því að sú hátíðarreið verði einstakur viðburður veraldarsögunnar. Ásamt fjölbreyttu og lifandi sýningarhaldi mun hún verða vitnisburður um sáttargjörð þéttbýlis og náttúru.

Heimsmótið sem hefst hér í dag er hyllingarkveðja í lok aldar, evrópskur lofsöngur um íslenska hestinn, lokahátíð á öld sem fært hefur íslenska hestinn víðar um álfur en nokkru sinni fyrir.

Ég færi gestgjöfum okkar alúðarþakkir fyrir metnaðarfullt mótshald og glæsilega dagskrá og óska okkur öllum ánægjulegra daga og minnisverðrar skemmtunar.

Í raun þarf ekki að efast um að gleðin mun hér ríkja því hún hefur ávallt verið með í för þegar hestur og maður halda til glæsireiðar um fagra velli.

Það er mér í senn heiður og ánægja að setja heimsmót íslenska hestsins hér í Kreuth og færa ykkur öllum kveðjur og þakkir íslenskrar þjóðar.